

Kærunefnd útlendingamála

Verklagsreglur um birtingu úrskurða kærunefndar útlendingamála á netinu

1. júní 2020

1. Samkvæmt 7. mgr. 6. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 skal kærunefndin að jafnaði birta þá úrskurði sína sem fela í sér efnisniðurstöðu, eða eftir atvikum útdrætti úr þeim. Úrskurðirnir skulu birtir án nafna, kennitalna og annarra persónugreinanlegra auðkenna aðila að viðkomandi málum.
2. Í athugasemdum við frumvarp til laga um útlendinga kemur fram að birting á forsendum úrskurða sé talin til þess fallin að styrkja réttaröryggi og fyrirsjáanleika í beitingu regluverksins.
3. Persónuupplýsingar eru skilgreindar í 2. tl. 1. mgr. 3. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem:

Upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling („skráðan einstakling“); einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

4. Viðkvæmar persónuupplýsingar eru skilgreindar í 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem:
 - a. Upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð, lífsskoðun eða aðild að stéttarfélagi.
 - b. Heilsufarsupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða líkamlegt eða andlegt heilbrigði einstaklings, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu sem hann hefur fengið, og upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
 - c. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhneigð.
 - d. Erfðafræðilegar upplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða arfgenga eða áunna erfðaeiginleika einstaklings sem gefa einkvæmar upplýsingar um lífeðlisfræði eða heilbrigði einstaklingsins og fást einkum með greiningu á líffræðilegu sýni frá viðkomandi einstaklingi.
 - e. Lífkennuupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem fást með sérstakri tæknivinnslu og tengjast líkamlegum, lífeðlisfræðilegum eða atferlisfræðilegum eiginleikum einstaklings og gera það kleift að greina eða staðfesta deili á einstaklingi með ótvíræðum hætti, svo sem andlitsmyndir eða gögn um fingraför, enda sé unnið með upplýsingarnar í því skyni að persónugreina einstakling með einkvæmum hætti.

5. Í álitum Persónuverndar frá 24. júní 2014 kom fram að 7. mgr. 3. gr. a útlendingalaga innihéldi ekki heimild kæruneftndar til birtingar viðkvæmra persónuupplýsinga. Í því álitum var einnig bent á að skv. 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 sé óheimilt að veita almenningi aðgang að einka- eða fjárhagsmálefnum einstaklinga sem sanngjarn er og eðlilegt að leynt fari.
6. Í því skyni að ekki verði unnt að persónugreina kæranda, beint eða óbeint, skal að lágmarki fjarlægja eftirfarandi auðkenni kæranda áður er úrskurður kæruneftndar er birtur:
 - a. nafn,
 - b. kennitölu,
 - c. fæðingardag,
 - d. heimilisfang,
 - e. fæðingarstað, og
 - f. heimabæ eða heimaborg kæranda.
7. Neftndin lítur svo á að ef úrskurður inniheldur ekki persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. að utanaðkomandi einstaklingar geti ekki ráðið af úrskurðinum um hvaða einstakling eða einstaklinga hann fjallar, falli birting úrskurðarins utan laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þar sem hann inniheldur ekki persónuupplýsingar. Í slíkum tilvikum mun kæruneftnd birta viðkvæmar upplýsingar í úrskurðum sínum að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til að ná markmiðum um birtingu úrskurða kæruneftndar, sbr. m.a. 2. tölulið þessara verklagsreglna. Neftndin lítur jafnframt svo á að í þeim tilvikum sé heimilt að birta upplýsingar um einka- eða fjárhagsmálefni kæranda, enda verði ekki ráðið af úrskurði um hvaða einstaklinga hann fjalli, og birting upplýsinganna sé nauðsynleg í ljósi þeirra markmiða sem vísað er til í 2. tölulið.
8. Til að draga úr líkum þess að úrskurður, sem annars er ekki persónugreinanlegur, verði persónugreinanlegur vegna fjölmiðlaumfjöllunar í kjölfar uppkvaðningu úrskurðar skulu úrskurðir almennt ekki birtir fyrr en eftir að tveir mánuðir hafa liðið frá því að úrskurður var kveðinn upp. Berist beiðni um endurupptöku innan þess tíma framlengist þessi biðtími þar til mánuður er liðinn frá því að endurupptökubeiðni er afgreidd. Sé mál endurupptekið og nýr úrskurður kveðinn upp skal miða birtingu við tvo mánuði frá þeim úrskurði.
9. Við mat á því hvort úrskurður sé persónugreinanlegur skal m.a. líta til fjölda úrskurða frá heimaríki kæranda á undanförunum 12 mánuðum. Sé hætta á að úrskurður verði persónugreinanlegur vegna lítills fjölda mála frá því ríki og að birting úrskurðarins, án viðkvæmra persónuupplýsinga og upplýsinga sem varða upprunaríki kæranda, þjóni ekki tilgangi sínum skal úrskurður ekki birtur.
10. Við mat á því hvort úrskurður sé persónugreinanlegur lítur kæruneftnd til þess hvort málið hafi hlotið umfjöllun í fjölmiðlum og hvort þau atriði sem þar var fjallað um geti leitt til þess að almenningi sé unnt að átta sig á um hvaða einstakling eða einstaklinga tiltekinn úrskurður fjallar.

11. Séu upplýsingar um heimaríki kæranda ekki nauðsynlegar til að tilgangur birtingar náist, svo sem í málum sem ekki hafa verið tekin til efnismeðferðar vegna ákvæða Dyflinnarreglugerðarinnar eða vegna þess að kærandi er með virka vernd í öðru ríki, skal að jafnaði afmá upplýsingar um upprunaríki kæranda úr úrskurðum áður en þeir eru birtir.
12. Verklagsreglur þessar leysa af hólmi eldri reglur um birtingar úrskurða kærunefndar á netinu frá 16. nóvember 2016.